# HRUNAMANNAHREPPUR

## Aðalskipulag 2003-2015, þéttbýlisuppdráttur á Flúðum

## Breyting á Hvammsvegi




Gildandi aðalskipulag með síðari breytingum.
Mkv. 1:10.000.




Breytt aðalskipulag í mkv. 1:10.000.

SKÝRINGAR

- Íbúðarsvæði
- Frístundasvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Athafnasvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Stofnanasvæði
- Óbyggð svæði
- Hverfisvernd
- Stofnvegir
- Götur
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Vatnsveita
- Þéttbýlismörk

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann _________

_______________________________________________

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann ____________

_______________________________________________

_______________________________________________

**GREINARGERÐ**

**1. INNGANGUR**
Sveitarfélagið vinnur að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 á Flúðum, í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**1.1 Helstu breytingar**
Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breytingar á Hvammsvegi á um 500 m kafla milli bæjanna Högnastaða og Hvamms.

**1.2. Kynning og samráð**
Lýsing var unnin skv. 30 gr. skipulagsslaga nr. 123/2010.

**2. BREYTING AÐALSKIPULAGS**
Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003-2015 var staðfest af Umhverfisráðherra 20.12.2005. Eitt af markmiðum í gildandi aðalskipulagi er að huga sérstaklega að umferðaröryggi allra vegfarenda og að bæta samgöngur innan sveitarfélagsins. Þá skulu gerðar ráðstafanir til þess að draga úr hraðaakstri og tryggja umferðaröryggi á Flúðum.

**2.1 Hvammsvegur**
Legu Hvammsvegar er breytt á um 500 m kafla milli bæjanna Högnastaða og Hvamms á Flúðum. Vegurinn er færður nær Litlu-Laxá og færist þá fjær Högnastöðum og frístundabúsi.
Göngu- og reiðleiðir verða óbreyttar. Svæðið sem fer undir breytta legu vegarins er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Legu vegarins er breytt á þéttbýlisuppdrætti.

**3. UMHVERFISSKÝRSLA**
Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af stefnu skipulagsins.

| UMHVERFISÞÆTTIR SEM AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN HEFUR ÁHRIF Á | | | |
|---|---|---|---|
| **VAL-KOSTIR** | **Samfélag og byggð** | **Náttúrufar** | **Heilsa og öryggi** |
| **Breytt aðal-skipulag** | Með breyttri legu færist Hvammsvegur fjær núverandi byggð og dregur það úr ónæði íbúa vegna umferðar.<br>Núverandi vegur getur nýst sem göngu- og reiðleið. | Breytir ásýnd og umhverfi Litlu-Laxár á kafla.<br>Engin áhrif á lífríki. | Umferðaröryggi batnar með betri hæðarlegu vegar. |
| **Aðalskipu-lag 2003-2015** | Ónæði vegna umferðar. | Umhverfi Litlu-Laxár verður óbreytt. | Óveruleg áhrif |

Jákvæð áhrif | Neikvæð áhrif | Óveruleg áhrif

**4. NIÐURSTAÐA**
Með breytingu á Hvammsvegi er dregið úr ónæði nálægra íbúa vegna umferðar. Þá batnar hæðarlega vegar og eykur það öryggi vegfarenda.
Breytingin styður við það markmið sveitarstjórnar að bæta umferðaröryggi allra vegfarenda og stuðla að bættum samgöngum innan sveitarfélagsins.

| | | |
|---|---|---|
| STEINSHOLT | HRUNAMANNAHREPPUR<br>Aðalskipulagsbreyting | |
| Suðurlandsvegi 1-3<br>850 Hella. S. 487 7800<br>www.steinholtsf.is | Verk: 8710 SA115<br>Mkv: 1:10.000<br>Blaðstærð: A3 | Dags: 27.05.2015<br>Breytt: |
| Hannað: GG, ÁJ, IS<br>Teiknað: IS | Samþykkt: TILLAGA | |